

Skýrsla tilnefningarnefndar Festi hf. til aðalfundar 5. mars 2026

Birting skýrslu 10. febrúar 2026

Efnisyfirlit:

1. Almennt um stjórnarkjör og tilnefningarnefnd samkvæmt samþykktum Festi hf.	3
2. Hlutverk og skipan tilnefningarnefndar	3
3. Störf nefndarinnar fyrir aðalfund.....	4
3.1 Umfang starfsins.....	4
3.2 Sátt Festi og Samkeppniseftirlitsins frá 30. júlí 2018	4
3.3 Matsramminn og trúnaður	5
3.4 Fundir með stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum	5
3.5 Árangursmat stjórnar	5
3.6 Viðtöl við stjórnarmenn og forstjóra félagsins	6
Samstarf og stjórnarhættir	6
Hæfi og hagsmunaárekstrar	7
Umfang stjórnarstarfa	7
Forstjóri	7
3.7 Mat tilnefningarnefndar á grundvelli sjálfsmats og samtala við stjórn og forstjóra	7
3.8 Fundir með hluthöfum	7
3.9 Mat tilnefningarnefndar á grundvelli samtala við hluthafa	8
3.10 Áhugi um framboð til stjórnar	8
3.11 Endurskoðun starfsreglna nefndarinnar	9
4. Rammi um hæfni, reynslu og þekkingu	9
5. Samtöl við stjórnarmenn og aðra áhugasama um framboð	10
6. Tillaga nefndarinnar um stjórnarmenn.....	10
7. Rökstuðningur að baki tillögu	12
Fylgiskjal 1 - Starfsreglur tilnefningarnefndar Festi hf.	15
Fylgiskjal 2 - Um nefndarmenn í tilnefningarnefnd Festi	18
Fylgiskjal 3 – Viðtalsrammi við stjórnarmenn og frambjóðendur	19

1. Almennt um stjórnarkjör og tilnefningarnefnd samkvæmt samþykktum Festi hf.

Um störf tilnefningarnefndar **Festi hf.** (hér eftir í skýrslu þessari nefnt „Festi“ eða „félagið“), kt. 540206-2010, er mælt fyrir um í 4. mgr. 17. gr. samþykktar félagsins sem er svohljóðandi:

„Tilnefningarnefnd skal starfa á vegum félagsins í samræmi við starfsreglur Tilnefningarnefndar sem félagsfundur samþykkir. Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum bundin starfsreglum sínum sem staðfestar skulu af hluthafafundi. Störf Tilnefningarnefndar breyta ekki réttindum og skyldum um verklag til framboðs til stjórnar eða reglum um meðferð slíkra framboða í samræmi við aðrar málsgreinar 17. gr. samþykktanna.“

Í samræmi við tilgreint efni samþykktanna starfar tilnefningarnefnd Festi á grundvelli starfsreglna en gildandi reglur voru síðast samþykktar á aðalfundi félagsins sem fram fór þann 5. mars 2025, sbr. einnig fylgiskjal nr. 1 með skýrslu þessari.

Samkvæmt sömu grein samþykktanna, sbr. 1. mgr. 17. gr., skal stjórn félagsins skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Í 2. mgr. 17. gr. samþykktanna er kveðið á um að tryggt skuli við stjórnarkjör að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%, en náist ekki viðhlítandi niðurstaða um kynjahlutföll við stjórnarkjör er stjórnarkjórið ógilt. Þar til lögmæt kosning hefur farið fram með viðhlítandi kynjahlutfallsniðurstöðu þá situr áfram eldri stjórn, eftir því sem við á. Skal stjórnarkjör endurtekið, að því marki sem nauðsynlegt er, á sama hluthafafundi, þegar upplýsingar um ófullnægjandi niðurstöður stjórnarkjörs liggja fyrir. Áður en stjórnarkjórið er endurtekið, að því marki sem nauðsynlegt er, skal gert fundarhlé og heimilt að tilnefna fleiri frambjóðendur til stjórnar af því kyni sem hallar á við fyrri kosninguna. Við endurtekið stjórnarkjör skulu þeir tveir einstaklingar af hvoru kyni sem flest atkvæði fá í stjórnarkjóri teljast réttkjörnir og einnig sá er næstur þeim kemur að atkvæðamagni, ef nauðsynlegt var að endurtaka stjórnarkjör.

Þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Þeir einir eru kjörgengir í stjórnarkjör á hluthafafundi sem þannig gefa kost á sér, sbr. 5. mgr. 17. gr. samþykktar Festi. Á aðalfundi fara fram bundnar kosningar til stjórnar, þannig að kosið er um þá eina sem gefið hafa kost á sér með tilskyldum fyrirvara, sbr. 6. mgr. 17. gr. samþykktanna.

2. Hlutverk og skipan tilnefningarnefndar

Samkvæmt því sem fyrr greinir starfar tilnefningarnefnd Festi í samræmi við samþykktar starfsreglur af hálfu hluthafa félagsins. Starfsreglur nefndarinnar voru fyrst samþykktar á hluthafafundi þann 25. september 2018 en frá þeim tíma hefur þeim verið breytt í fimm skipti, þ.e. með afgreiðslu aðalfunda 2019, 2021, 2023, 2024 og 2025. Í starfsreglunum, sem birtar eru á heimasíðu Festi, er að finna lýsingu á markmiði, skipan, hlutverki og ábyrgðarsviði, heimildum og starfsemi nefndarinnar að öðru leyti.

Hlutverk tilnefningarnefndar er samkvæmt starfsreglum að undirbúa og gera tillögur um frambjóðendur við kjör stjórnar félagsins á hluthafafundum þar sem stjórnarkjör er á dagskrá, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglnanna. Er þar jafnframt tiltekið að tillögur nefndarinnar skuli stefna að því, að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi að fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar í á hverjum tíma. Nefndin er ráðgefandi gagnvart hluthöfum félagsins og ber henni að hafa heildarhagsmuni allra hluthafa félagsins að leiðarljósi í störfum sínum, sbr. 1. mgr. 3. gr. starfsreglnanna.

Í 2. mgr. 1. gr. starfsreglnanna kemur fram að tilnefningarnefnd skuli starfa í samræmi við samþykktir félagsins og starfsreglur. Þá beri nefndinni að hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands,

Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja sem í gildi eru á hverjum tíma, sbr. gildandi leiðbeiningar frá og með 1. júlí 2021.

Í tilnefningarnefnd Festi sitja Halla Thoroddsen, Inga Björg Hjaltadóttir og Tómas Eiríksson en þau eru öll óháð félaginu og daglegum stjórnendum þess í samræmi við áskilnað 1. mgr. 2. gr. starfsreglna nefndarinnar. Tillaga stjórnar Festi um skipan núverandi nefndarmanna í tilnefningarnefnd var samþykkt af hluthöfum á aðalfundi félagsins þann 5. mars 2025. Var það í fyrsta sinn sem kjör nefndarmanna fór fram samkvæmt núgildandi 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 2. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar.¹ Inga Björg er á öðru ári í tilnefningarnefnd Festi en Halla og Tómas á sínu fyrsta ári. Nánari umfjöllun um nefndarmenn tilnefningarnefndar má nálgast á fylgiskjali nr. 2 með skýrslu þessari.

Á fyrsta fundi nefndarinnar á starfsárinu skipti nefndin með sér verkum og var Inga Björg kjörin formaður nefndarinnar. Stjórnarformaður Festi, Hjörleifur Pálsson, var tengiliður stjórnar við nefndina og naut hún jafnframt liðsinnis yfirlögræðings félagsins við fundarritun og önnur verkefni á starfsárinu.

Á heimasíðu félagsins eru birtar upplýsingar um hlutverk og skipan nefndarinnar ásamt upplýsingum um hvernig koma megi athugasemdum, tillögum og framboðum á framfæri við nefndina. Þar er einnig bent á hvernig standa eigi að framboði til stjórnar að tillögum nefndarinnar birtum. Er það í samræmi við áskilnað í 3. mgr. 3. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar.

3. Störf nefndarinnar fyrir aðalfund

3.1 Umfang starfsins

Nefndinni er samkvæmt starfsreglum ætlað að skila skýrslu og tilnefningum til stjórnar í síðasta lagi þremur vikum fyrir aðalfund Festi sem fyrirhugaður er þann 5. mars 2026 samkvæmt fjárhagsdagatali félagsins.

Í upphafi starfsársins setti nefndin sér starfsáætlun sem tók mið af skilgreindu hlutverki hennar samkvæmt starfsreglum sem og fjárhagsdagatali félagsins sem kynnt hafði verið opinberlega. Starfsáætluninni var fylgt eftir á starfsárinu en nefndin fundaði þó einnig aukalega eftir þörfum. Þótt meginþungi í starfi nefndarinnar hafi komið til frá og með nóvembermánuði 2025 og fram að birtingu skýrslu þessarar þá fundaði nefndin einnig reglulega á fyrri hluta starfsársins og aflaði sér upplýsinga.

Á starfsárinu fram að birtingu skýrslu þessarar hefur nefndin haldið alls 21 fund en þar af voru 15 fundir með stjórnarmönnum, stjórnendum, hluthöfum og einstaklingum sem lýst höfðu yfir áhuga á framboði til stjórnar félagsins.

3.2 Sátt Festi og Samkeppniseftirlitsins frá 30. júlí 2018

Á starfsárinu kynntu nefndarmenn sér sátt þá sem Festi og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér þann 30. júlí 2018 vegna samruna N1/Festi. Sáttin var sérstaklega yfirfarin með hliðsjón af þeim skyldum sem hún leggur á stjórn og hæfi stjórnarmanna í Festi og nefndin þarf að taka tillit til í störfum sínum og við tillögugerð til hluthafafundar. Er ákvæði sáttarinnar um þetta efni svohljóðandi í 1. mgr. 23. gr. sem ber yfirskriftina „Samkeppnislegt sjálfstæði stjórnar og lykilstarfsmanna“:

¹ 1. málsl. 1. mgr. 2. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar Festi er svohljóðandi: „Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.“ 2. mgr. 2. gr. starfsreglnanna er svohljóðandi: „Stjórn félagsins skal með aðalfundarboði leggja fram tillögu um staðfestingu á skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Hluthafar skulu jafnframt hafa tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Séu tilnefndir fleiri en þrír einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi.“

„Stjórnarmenn og lykilstarfsmenn N1 skulu ekki vera tengdir keppinautum fyrirtækisins í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eigið eignarhald. Sama á við um maka eða sambúðarmaka framangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Aðilar sem sinna reglubundið hagsmunagæslu eða ráðgjafarstörfum fyrir keppinauta N1 skulu ekki sitja í stjórn N1. Með lykilstarfsmanni er átt við einstakling í stjórnunarstarfi sem telst vera fruminnherji í N1, eða í sambærilegri stöðu, á hverjum tíma.“

3.3 Matsramminn og trúnaður

Á starfsárinu yfirfór nefndin þann matsramma sem hún hefur stuðst við í tengslum við mat á hæfni, reynslu og þekkingu frambjóðenda til setu í stjórn Festi. Nánari grein er gerð fyrir þeim þætti í 4. kafla skýrslu þessarar.

Nefndin hefur sameiginlegt aðgangsstýrt vinnusvæði á innri vef félagsins þar sem hægt er að vista á öruggan máta fundargerðir, gögn og upplýsingar tengt störfum hennar. Nefndin hefur jafnframt sérstakt netfang, tilnefningarnefnd@festi.is, þar sem hluthafar og aðrir geta komið tilnefningum eða öðrum upplýsingum og fyrirspurnum á framfæri við nefndina.

Farið var yfir ákvæði um trúnað sem gildir um störf nefndarinnar og að gæta þyrfti vel að varðveislu persónugreinanlegra upplýsinga.² Nefndarmenn töldu ekki þörf á sérstakri upplýsingagjöf um einstök verkefni á borði stjórnar á starfsárinu til að geta sinnt hlutverki sínu. Þá var sérstaklega gætt að fyrirmælum í f. lið 2. mgr. 3. gr. starfsreglanna um að nefndin skuli gæta trúnaðar um allar tilnefningar og framboð sem henni berast og gefa frambjóðendum sem nefndin hefur lagt mat á og eru ekki hluti af tillögu nefndarinnar kost á að draga framboð sitt til baka eftir að niðurstaða liggur fyrir.

3.4 Fundir með stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum

Tilnefningarnefnd fundaði með stjórnarformanni félagsins í október og desember 2025. Jafnframt því áttu nefndarmenn fundi með stjórnarmönnum hverjum um sig í nóvember 2025 í samræmi við efni starfsreglna. Á fundunum var m.a. farið yfir hæfni, reynslu og þekkingu viðkomandi ásamt því sem lagt var mat á aðra stjórnarmenn, samsetningu og störf stjórnarinnar í heild sinni.

Í byrjun desember átti tilnefningarnefnd einnig fund með forstjóra Festi. Var tilgangur þess fundar að fá álit forstjóra á lykilhæfni og þekkingu sem stjórn félagsins þyrfti á að halda með hliðsjón af starfsemi samstæðunnar sem og til að meta samsetningu stjórnarinnar, samstarfið sem og árangur hennar. Rætt var almennt um starfsemi samstæðunnar, umfang verkefna sem og helstu áskoranir félagsins.

Reyndust tilgreindir fundir mjög gagnlegir til upplýsingaöflunar fyrir störf tilnefningarnefndar í aðdraganda aðalfundar 2026.

3.5 Árangursmat stjórnar

Í 11. gr. starfsreglna stjórnar Festi er tiltekið að stjórn skuli meta árlega störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og frammistöðu undirnefnda, stjórnarformanns og forstjóra. Skal stjórn einnig yfirfara og meta þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið Festi. Í matinu skal stjórn m.a. leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og huga að því sem betur má fara. Þá er tiltekið að stjórn geti sjálf lagt mat á störf sín en geti jafnframt leitað sérfræðiaðstoðar.

Samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar Festi er gert ráð fyrir að nefndin hafi aðgang að niðurstöðuskýrslu árangursmats stjórnar og að hafa beri það til hliðsjónar, á meðal annarra gagna og

² Mælt er fyrir um þagnar- og trúnaðarskyldu í 6. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar sem er svohljóðandi: „Á tilnefningarnefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni fyrirtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.“

upplýsinga sem nefndin aflar, við tillögugerð til aðalfundar, sbr. einkum d. og g. liði 2. mgr. 3. gr. reglnanna.

Í samræmi við framangreindar heimildir, fyrri framkvæmd og verklag fékk nefndin í janúar 2026 aðgang að niðurstöðuskýrslu úr árangursmati stjórnar. Var það skjal ásamt viðtölum nefndarmanna við stjórnarmenn lagt til grundvallar við mat nefndarinnar á störfum stjórnarinnar, samsetningu hennar og starfsháttum.

- O -

Í árangursmatinu kom fram að störf stjórnar, verklag og starfshættir væru almennt í góðu horfi, þar með talið varðandi skilning á verkefnum og ábyrgð stjórnar á starfsemi félagsins, þekkingu innan stjórnar, stærð hennar og samsetningu. Um störf og virkni stjórnar kom enn fremur fram að stjórnarmenn mættu vel undirbúnir til funda, að heilbrigð og góð skoðanaskipti og umræður ættu sér stað innan stjórnar og að ákvarðanir, þar á meðal um óvenjulegar eða mikils háttar ákvarðanir, væru teknar á stjórnarfundum. Voru stjórnarmenn enn fremur sammála um að stjórn sinni bæði eftirliti og stefnumarkandi hlutverki sínu með fullnægjandi hætti. Þá verður ráðið af árangursmatinu að stjórn vinni sem ein heild og að starfsandi innan hennar sé með ágætum.

- O -

Í árangursmati stjórnar fór fram sérstök könnun á samsetningu hennar með tilliti til þekkingar og reynslu stjórnarmanna. Lutu þau atriði sem spurt var um nánar tiltekið að **1)** áhættustýringu og innra eftirliti, **2)** fasteignum og fasteignarekstri, **3)** fjárfestingum (M&A), **4)** fjármálum og endurskoðun, **5)** lögfræði, **6)** mannauðs- og starfsmannamálum, **7)** neytendum, **8)** samfélagslegri ábyrgð, **9)** smásölu, **10)** stjórnun og stjórnarstörfum, **11)** sölu- og markaðsmálum, **12)** tæknimálum og **13)** umhverfi, félagslegum þáttum og stjórnarháttum.

Af heildarniðurstöðu í tilgreindum hluta árangursmatsins verður ráðið það mat að stjórn telur mikla breidd vera í þekkingu og reynslu innan hennar vébanda. Sé til að mynda litið til þeirra málefnasviða sem skilað hafi lægstri niðurstöðu búi eftir sem áður fleiri en einn stjórnarmanna yfir ýmist mjög góðri/mikilli eða góðri/mikilli þekkingu og reynslu á viðkomandi sviðum. Í niðurstöðuskýrslu kemur fram það mat stjórnar félagsins að samsetning hennar sé að skila fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í núverandi starfsumhverfi þess.

- O -

Stjórnarformaður þykir hafa starfað vel á starfsárinu. Kemur fram í niðurstöðuskýrslu árangursmatsins að þekking og reynsla stjórnarformanns hafi endurspeglast í vel undirbúnum og markvissum stjórnarfundum á starfsárinu. Hafi forgangsröðun á fundum og skipulag verið í samræmi við starfsáætlun. Þá hafi stjórnarformaður verið faglegur í allri sinni nálgun á stjórnarstörfum.

Árangursmat stjórnar kemur þannig almennt vel út að mati tilnefningarnefndar.

3.6 Viðtöl við stjórnarmenn og forstjóra félagsins

Samstarf og stjórnarhættir

Samkvæmt samtölum telja stjórnarmenn og forstjóri að störf stjórnar gangi mjög vel og margvísleg þekking og reynsla stjórnarmanna sé félaginu til hagsbóta. Almennur samhljómur var meðal stjórnarmanna og forstjóra um að samstarfið á vettvangi stjórnar væri farsælt, byggt á gagnkvæmu trausti og virðingu og að skoðanaskipti væru opin og hreinskiptin. Allir stjórnarmenn virðast vel meðvitaðir um mikilvægi góðra stjórnarhátta og samkvæmt samtölum sinna allir stjórnarmenn starfi sínu af kostgæfni, eru vel undirbúnir fyrir fundi og taka virkan þátt í umræðum. Þá sé ferli ákvarðanatöku stjórnar skilvirkur og gagnsætt.

Hæfi og hagsmunaárekstrar

Stjórnarmenn telja sig hafa góða sýn á það hvar hagsmunaárekstrar kunna að koma upp og gæti ávallt að því að víkja að eigin frumkvæði ef mál eru til umfjöllunar þar sem hagsmunaárekstra gætir.

Í samtölum við stjórnarmenn kom ekkert fram um hagsmunaárekstra sem kallar á sérstök viðbrögð af hálfu nefndarinnar.

Umfang stjórnarstarfa

Fyrir liggur að Festi er skráð félag með umfangsmikla starfsemi. Innan samstæðu félagsins eru dótturfélögin Elko ehf., Krónan ehf., Lyfja hf. og N1 ehf. sem eru með viðamikla starfsemi á þeim mörkuðum sem þau starfa á, þ.e. hvort heldur sem litið er til reksturs dagvöru- og lyfjaverslana, orkusölu eða raftækjamarkaðar. Jafnframt á félagið Yrki eignir ehf., sem á og rekur fasteignir samstæðunnar, og Bakkann vöruhótel ehf. sem sinnir vöruhúsaþjónustu og dreifingu fyrir félög samstæðunnar. Samkvæmt nýbirtum ársreikningi Festi námu rekstrartekjur samstæðunnar tæpum 176 milljörðum króna á síðastliðnu ári.

Í viðtölum tilnefningarnefndar við stjórnarmenn kom skýrt fram að umfang stjórnarstarfa, þ.e. hvað varðar **a)** fjölda og lengd stjórnarfunda og funda undirnefnda stjórnar, **b)** undirbúning þeirra, **c)** fundargögn og **d)** samskipti á milli funda, héldist í hendur við umfang rekstrar samstæðunnar og þá ólíku markaði sem hún starfaði á og teldist verulegt.

Forstjóri

Í samtali við stjórnarmenn kom fram að forstjóri nýtur styrks stuðnings stjórnar og telur hún jafnframt að stjórn veiti henni stuðning og eftirlit með störfum hennar og að þeim sé sinnt á gagnrýnn og uppbyggilegan hátt.

3.7 Mat tilnefningarnefndar á grundvelli sjálfsmats og samtala við stjórn og forstjóra

Það er mat tilnefningarnefndar að helgun stjórnarmanna í Festi sé góð miðað upplýsingar úr árangursmati stjórnar og þeim samtölum sem nefndin átti með stjórnarmönnum og forstjóra félagsins. Samkvæmt því sem fram kom í samtölum hefur áhersla stjórnar á starfsárinu litið að stefnumótun félagsins sem mun vonandi nýtast stjórn og stjórnendum samstæðunnar vel við ákvarðanatöku og framkvæmd verkefna á komandi starfsári.

Af samtölum tilnefningarnefndar við stjórn og stjórnendur verður ráðið að rekstur dótturfélaga sé í traustum farvegi og undir tryggri daglegri stjórn. Fyrir liggur að nýtt rekstrarfélag, Lyfja hf., kom inn í samstæðu félagsins á haustmánuðum 2024 og mun sú innleiðing hafa gengið vel á árinu 2025. Stjórnarmenn og forstjóri töldu mikilvægt að ekki yrðu miklar breytingar á stjórninni nú í ljósi reglulegra breytinga síðustu ára. Þá kom fram að stjórnarstarfið væri öflugt og gott og samhljómur um að félagið væri á góðri vegferð eftir breytingaferli allt frá samruna N1 og Festi á árinu 2018.

3.8 Fundir með hluthöfum

Í janúar 2026 átt tilnefningarnefnd fundi með sex hluthöfum sem samanlagt hafa yfir að ráða tæplega 60% hlutafjár í Festi. Á fundunum var farið yfir þau samtöl sem nefndin hefði átt við stjórnarmenn og forstjóra félagsins, breytingar í hluthafahópi þess og sjónarmið varðandi verklag nefndarinnar. Þá var á fundunum kallað eftir sjónarmiðum um það hvort hluthafar teldu rétt að gera breytingar á skipan stjórnar eða á starfsreglum nefndarinnar. Loks voru viðkomandi hluthafar upplýstir um nöfn þeirra einstaklinga sem höfðu lýst yfir áhuga á framboði til stjórnar þegar fyrir lá samþykki viðkomandi fyrir því.

Af fundum með hluthöfum mátti ráða að almenn ánægja væri með gengi félagsins á starfsárinu sem er að líða. Hluthafar komu á framfæri almennum sjónarmiðum um að rétt væri að hafa hæfilega endurnýjun í stjórninni og að gætt væri að því í störfum tilnefningarnefndar hverju sinni eftir því sem tilefni væri til, en ekki var sérstakt ákall um breytingar á stjórninni að þessu sinni. Hluthafarnir lýstu yfir ánægju með að nefndin byði upp á gagnsætt tilnefningarferli þar sem hluthafar væru upplýstir um það helsta sem fram hefði komið í samtölum við stjórn og forstjóra og deildu nöfnum þeirra frambjóðenda sem veittu leyfi sitt fyrir því. Hvorki bárust sérstakar athugasemdir við auglýsingu nefndarinnar um framboð til stjórnar né við starfsreglur tilnefningarnefndar sem gáfu tilefni til breytinga.

3.9 Mat tilnefningarnefndar á grundvelli samtala við hluthafa

Að mati nefndarinnar voru hluthafar almennt ánægðir með skipan stjórnar. Í samtölunum mátti að mati nefndarinnar greina stuðning við áframhaldandi störf núverandi stjórnar.

3.10 Áhugi um framboð til stjórnar

Samkvæmt e. lið 2. mgr. 3. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar skal nefndin kalla eftir tillögum hluthafa að frambjóðendum til stjórnarkjörs sem og framboðum þeirra og annarra. Er þar jafnframt mælt fyrir um að nefndin skuli eigi síðar en 8-10 vikum fyrir aðalfund auglýsa eftir tilnefningum og áhuga á framboðum til stjórnar félagsins með opinberri tilkynningu í gegnum viðurkennda fréttaveita og á heimasíðu félagsins.

Auglýsing á vegum nefndarinnar var birt opinberlega í gegnum fréttakerfi GlobeNewswire og á vefsíðu félagsins þann 29. desember 2025 þar sem var kallað eftir tilnefningum og áhuga á framboðum til stjórnar.³ Frestur til að skila tilnefningum og áhuga á framboðum til tilnefningarnefndar var veittur til 15. janúar 2026. Þá var jafnframt þeim hluthöfum semildu eiga fund með tilnefningarnefnd eða koma skilaboðum á framfæri við nefndin í aðdraganda aðalfundar 2026 bent á að hafa samband eftir nánar tilgreindum leiðum.

Alls bárust tilkynningar frá sjö einstaklingum sem lýstu yfir áhuga á framboði, þ.e. frá tveimur konum og fimm körlum. Meðal þessara aðila voru allir núverandi stjórnarmenn í félaginu. Tilnefningarnefnd taldi ekki ástæðu til að nýta sér heimild f. liðar 2. mgr. 3. gr. starfsreglna hennar þar sem m.a. er mælt fyrir um að nefndinni sé heimilt, að eigin frumkvæði, að leita nýrra framboða til stjórnarkjörs ef hún metur áhuga á framboði við þær aðstæður með þeim hætti að nauðsyn sé að styrkja hóp áhugasamra um framboð.

Áhugasamir um framboð voru allir upplýstir um að þegar tillaga nefndarinnar lægi fyrir og búið væri að birta hana opinberlega hefðu þeir sjálfsveld um hvort nefndin myndi skila framboðum þeirra áfram til stjórnar Festi eða ekki. Þau framboð sem send yrðu til stjórnar færu þar með í lögformlegt ferli framboða til stjórnar félagsins í samræmi við 63. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Allir þeir aðilar sem nefndin tilnefnir hafa skilað inn formlegum framboðum sem tilnefningarnefnd hefur skilað til stjórnar í samræmi við ákvæði f. liðar 2. mgr. 3. gr. starfsreglna hennar.

Allir áhugasamir um framboð skiluðu ferilskrá ásamt framboðseyðublaði þar sem fram komu persónulegar upplýsingar til að hægt væri að leggja mat á hæfi þeirra, um stjórnarsetu þeirra í öðrum félögum, eignarhluti í félaginu, beint eða í gegnum tengda aðila, og möguleg hagsmunatengsl. Voru allir sem lýstu áhuga á framboði taldir uppfylla almennar kröfur um hæfi til setu í stjórn.

Nefndin nýtti sér sérstakan spurningalista í viðtölum við þá frambjóðendur sem fundað var með, sbr. nánar fylgiskjal nr. 3 með skýrslu þessari. Þá yfirfór nefndin yfirlýsingar um áhuga á framboði með tilliti

³ Sjá hér: <https://view.news.eu.nasdaq.com/view?id=b0e3c438271d37b8d85d4cc27bee0db15&lang=is&src=listed>

til þess að meta sérstakt hæfi viðkomandi aðila, þar á meðal gagnvart þeim skilyrðum sem fram koma í sátt Festi og Samkeppniseftirlitsins frá 30. júlí 2018. Þá lagði nefndin mat á óhæði áhugasamra um framboð skv. leiðbeiningum um góða stjórnarhætti.

3.11 Endurskoðun starfsreglna nefndarinnar

Samkvæmt starfsreglum nefndarinnar ber henni að yfirfara reglurnar árlega og leggja tillögur fyrir aðalfund um breytingu á þeim, ef nefndin telur ástæðu til, sbr. b. lið 2. mgr. 3. gr. reglnanna.

Tilnefningarnefnd yfirfór starfsreglur nefndarinnar á starfsárinu með tilliti til þess hvort rétt kynni að vera að leggja til breytingar á þeim á næsta aðalfundi félagsins. Fóru nefndarmenn einnig sérstaklega yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglunum frá upphaflegri setningu þeirra á árinu 2018. Að mati nefndarinnar hefur um umtalsverða endurskoðun þeirra verið að ræða á liðnum árum, hvort heldur litið sé til form- eða efnisþátta, enda hefur þeim verið breytt alls fimm sinnum frá setningu þeirra samkvæmt afgreiðslu aðalfunda Festi 2019, 2021, 2023, 2024 og 2025.

Ekkert kom fram við yfirferð nefndarinnar á starfsreglunum né í samtölum við hluthafa, stjórnarmenn eða stjórnendur sem kallar á að hún geri tillögu að breytingu þeirra á fyrirhuguðum aðalfundi Festi þann 5. mars 2026. Þá hafa tilnefningarnefnd ekki borist neinar breytingartillögur á ákvæðum starfsreglnanna frá hluthöfum félagsins.

Samkvæmt öllu framangreindu telur tilnefningarnefnd ekki ástæðu til að leggja fram tillögu að breyttum starfsreglum nefndarinnar fyrir komandi aðalfund félagsins.

4. Rammi um hæfni, reynslu og þekkingu

Á meðal hlutverka nefndarinnar er að skilgreina lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn félagsins og endurskoða þá skilgreiningu eftir því sem þörf krefur, sbr. c. lið 2. mgr. 3. gr. starfsreglna tilnefningarnefndar.

Samkvæmt því sem greinir í fyrri skýrslum tilnefningarnefndar Festi þá hefur matsrammi nefndarinnar verið endurmetinn árlega. Var það einnig svo á þessu starfsári nefndarinnar þar sem nefndin lagði sérstakt mat á lykilhæfni og þekkingu sem rétt og þarft væri að horfa til varðandi samsetningu stjórnar með tilliti til umfangs og fjölbreytni í starfsemi innan samstæðu Festi. Eftir ítarlega yfirferð var það niðurstaða nefndarinnar að styðjast við óbreyttan matsramma að öðru leyti en því að bætt var við sjálfstæðum matsþætti sem laut að sérstöku hæfi stjórnarmanna samkvæmt sátt þeirri sem félagið og Samkeppniseftirlitið gerðu með sér þann 30. júlí 2018.

Samkvæmt því voru skilgreindar sex meginflokkar hæfni, þekkingar og reynslu sem mat nefndarinnar um hæfi stjórnarmanna í Festi var grundvallað en þeir voru:

- Stefnumótun og rekstur.* Reynsla af fjárfestingum, breytingastjórnun og sérþekking á rekstrarfélögum Festi. Við mat á frambjóðendum er horft til þess hvort viðkomandi geti metið stöðu félagsins og hverju þurfi að breyta í rekstri þess með tilliti til framþróunar og hagsmuna þess að öðru leyti.
- Eftirlit og stjórnarhættir.* Reynsla og þekking stjórnarháttar í skráðu félagi, lögfræði, endurskoðun, regluvarsla, fjármálalæsi, fjármála-, mannauðs- og áhættustjórnun. Við mat á frambjóðendum er horft til þess hvort viðkomandi hafi sjálfstæða og gagnrýna hugsun.
- Þekkingu á þróun markaðar.* Reynsla og þekking á sviði markaðs- og sölumála, tengsl við viðskiptavinum, mat á tækifærum, alþjóðlegt umhverfi og nýsköpun, þ.m.t. stafræn þróun og sérþekking á sviðum sem tengjast starfsemi félagsins. Við mat á frambjóðendum er horft til þess hvort viðkomandi búi yfir hæfileikum til að leggja mat á þróun samkeppnismarkaðar til skamms og langs tíma.

- d. *Metnaður, siðferði og samfélagsvitund.* Metnaður fyrir hönd hluthafa Festi, menning og sjálfbærnistefna félagsins, siðferði, orðsporsvitund, félagsfærni, mannleg samskipti, samkennd og virkni við ákvörðunartöku. Við mat á frambjóðendum er horft til þess hvort viðkomandi hafi metnað, ábyrgðakennd og sé meðvitaður um umhverfi fyrirtækisins.
- e. *Hagsmunaárekstrar og orðsporsáhætta.* Mat á því hvort hætta sé á hagsmunaárekstrum sem geti hamlað svo máli skipti hæfi stjórnarmanns til þátttöku í starfi og ákvarðanatöku í stjórn og mat á því hvort hætta sé á því í ásýnd eða raun að orðspor tilvonandi stjórnarmanns geti haft neikvæð áhrif á traust, ásýnd og orðspor félagsins að öðru leyti að því marki að það skaði hagsmunum hluthafa og félagsins.
- f. *Sérstakt hæfi stjórnarmanna samkvæmt sátt Festi og Samkeppniseftirlitsins.* Mat á því hvort frambjóðendur uppfylli skilyrði um samkeppnislegt sjálfstæði sem gert er til stjórnarmanna samkvæmt VI. kafla sáttar Festi og samkeppniseftirlitsins frá 30. Júlí 2018, sbr. einkum 23. gr. sáttarinnar.

5. Samtöl við stjórnarmenn og aðra áhugasama um framboð

Vandað var til undirbúnings fyrir samtöl við stjórnarmenn og þá sem lýst höfðu áhuga á að bjóða sig fram til stjórnarsetu. Ferilskrár viðmælenda lágu fyrir og var yfirfarið af hálfu nefndarmanna hvernig menntun og reynsla þeirra uppfyllti fyrrgreindan matsramma um hæfni, reynslu og þekkingu. Í samtölunum var síðan leitast við að fylla út í þá mynd fyrir hvern aðila. Um viðtalsramma sem tilnefningarnefnd studdist við í tilgreindum samtölum vísast að öðru leyti til fylgiskjals nr. 3 með skýrslu þessari.

Í lok hvers viðtals var áhugasömum um framboð gefið færi á að spyrja en einnig var farið yfir tímasetningar fram að aðalfundi. Áhugasömum um framboð var heitið trúnaði, en þeim var jafnframt gerð grein fyrir því að tilteknir hluthafar hefðu lýst yfir áhuga á að vita af mögulegum framboðum og viðkomandi spurður hvort hann veitti nefndinni heimild til þess. Þá voru áhugasamir um framboð minntir á að kæmi til þess að þeir hlytu ekki tilnefningu nefndarinnar væri þeim í sjálfsvald sett hvort framboð þeirra yrði sent áfram til stjórnar og færi í formlegt ferli, í samræmi við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir Festi, fyrir aðalfund félagsins. Einnig var lögð áhersla á að tilnefningarnefnd væri hluthöfum til ráðgjafar og endanleg ákvörðun um kosningu stjórnar væri í höndum hluthafa.

Að hverju viðtali loknu lagði nefndin mat á hvernig viðkomandi uppfyllti kröfur um hæfni, þekkingu og reynslu sem nýst gæti í stjórn Festi með tilliti til tilgangs félagsins og starfsemi þess.

6. Tillaga nefndarinnar um stjórnarmenn

Líkt og áður er rakið hefur tilnefningarnefnd það hlutverk að undirbúa og gera tillögur um frambjóðendur við kjör stjórnar Festi. Ber nefndinni þannig að leggja fram rökstudda tillögu um kosningu stjórnarmanna í félaginu, þar sem m.a. verði horft til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðumats stjórnar, sbr. g. lið 2. mgr. 3. gr. starfsreglna sem um nefndina gilda.

Á grundvelli heildarmats á fyrrgreindum forsendum, viðtölum sem tilnefningarnefnd hefur átt við stjórnarmenn, forstjóra og aðra áhugasama um framboð til stjórnar Festi sem og samtölum við stærstu hluthafa félagsins eru nefndarmenn einhuga um að leggja til við hluthafa að allir núverandi stjórnarmenn verði endurkjörnir á fyrirhuguðum aðalfundi þann 5. mars 2026.

Hér á eftir er kynningartexti um starfs- og námsferil þeirra frambjóðenda sem nefndin gerir tillögu um ásamt mati á óhæði þeirra.

Edda Blumenstein

Edda starfar sem lektor og fagstjóri BS náms í verslun og þjónustu við Háskólann á Bifröst og hjá eigin fyrirtæki, beOmni ráðgjöf, frá 2017. Á árunum 2021-2023 starfaði Edda sem framkvæmdastjóri framþróunar verslunar og viðskiptavina hjá BYKO, árin 2012-2014 var hún framkvæmdastjóri Smáratívolí, árin 2007-2012 deildarstjóri markaðs- og viðskiptaþróunar hjá Icepharma og sem vörumerkjastjóri Coca-Cola hjá Vífilfelli árin 1999-2007. Edda er stjórnarformaður hjá Útilíf. Þá hefur hún einnig setið í stjórn TT3/SRX/Ormsson, Rannsóknarseturs verslunarinnar og stafrænu ráðgjafaráði Samtaka verslunar og þjónustu. Edda er með PhD gráðu í stjórnun frá Leeds University Business School, MA gráðu í tísku, atvinnulífi og samfélagi frá Leeds University og BSc gráðu í alþjóða markaðsfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Edda var kjörin í stjórn Festi í mars 2025.

Edda er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Guðjón Auðunsson

Guðjón útskrifaðist með mastersgráðu í alþjóða viðskiptahagfræði og markaðssetningu frá háskólanum í Álaborg í Danmörku árið 1989. Hann lauk „AMP“ námi frá IESE háskólanum í Barcelona árið 2018. Guðjón starfaði sem lektor við Háskólann á Bifröst í tvö ár að námi loknu í Danmörku. Frá 1991 til 1999 starfaði hann fyrir Eimskip í ýmsum stjórnunarstöðum, m.a. sem framkvæmdastjóri félagsins í Bandaríkjunum og síðar í Hamborg í Þýskalandi. Á árunum 2000 til 2002 starfaði Guðjón sem framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Landsteinar og í lok þessa tímabils sem forstjóri Samvinnuferða Landsýnar. Frá árinu 2002 til 2010 starfaði Guðjón sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Olíufélagsins Esso, síðar N1. Frá árinu 2010 til mars 2024 hefur hann gegnt starfi forstjóra Reita fasteignafélags. Frá september 2024 hefur Guðjón gengt starfi framkvæmdastjóra Ísey útflutnings ehf. og situr í stjórn nokkurra félaga sem þeirri starfsemi tengist. Guðjón er í stjórn Landsbyggðar hf., en Landsbyggð hf. tengist aðallega uppbyggingu á nýja miðbænum á Selfossi. Guðjón hefur gegnt ýmsum stjórnarstörfum í gegnum tíðina, m.a. sem formaður stjórnar Háskólans á Bifröst, í stjórn Flugfélags Íslands, í stjórn Malik Supply A/S, í stjórn Flutningajöfnunarsjóðs, stjórnarformaður Kringlunnar í um 13 ár og í stjórn fjölda annarra fyrirtækja sem tengdust Reitum. Í samtölum við tilnefningarnefnd upplýsti Guðjón að Festi og Ísey útflutningur ehf. ættu í viðskiptum og þegar slíkt málefni bæru á góma á vettvangi stjórnar viki hann af fundi. Tilnefningarnefnd telur þessi hagsmunatengsl ekki varða við almennt hæfi Guðjóns.

Guðjón var kjörinn í stjórn Festi í mars 2024.

Guðjón er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Guðjón Reynisson

Guðjón Reynisson lauk MBA námi frá Háskóla Íslands árið 2002, rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999 og útskrifaðist með íþróttakennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi frá Íþróttakennaraskóla Íslands 1986.

Guðjón er í dag sjálfstætt starfandi fjárfestir og stjórnarmaður. Á árunum 2008-2017 starfaði hann sem forstjóri Hamleys of London. Fólst starfið í að móta og innleiða stefnu félagsins sem miðaði að því að stækka það úr einni verslun í aðþjóðlega keðju verslana. Guðjón leiddi sölu á félaginu árið 2011-2012 og aftur 2015-2016. Á árunum 2003-2007 gegndi Guðjón stöðu framkvæmdastjóra 10-11 verslananna.

Þar áður, frá 1998-2003, var hann framkvæmdastjóri sölusviðs Tals. Hann hefur setið í stjórn Kviku banka og Securitas frá árinu 2018, Dropp frá 2019, Vara fasteignafélags frá 2021 og Hörpu framtakssjóðs frá 2024. Í samtölum við tilnefningarnefnd upplýsti Guðjón að Festi og Dropp ættu í viðskiptum, auk þess sem félag tengt honum sem og Festi ættu hlutafé í Dropp, og þegar málefni á milli félaganna bæru á góma á vettvangi stjórnar viki hann af fundi. Tilnefningarnefnd telur þessi hagsmunatengsl ekki varða við almennt hæfi Guðjóns.

Guðjón er hluthafi í félaginu í gegnum Hakk ehf. Hlutfjáreign er innan við 10% viðmið af heildarhlutafé.

Guðjón tók sæti í stjórn Festi árið 2014 og er nú varaformaður stjórnar.

Guðjón er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Hjörleifur Pálsson

Hjörleifur útskrifaðist sem viðskiptafræðingur með Cand. Oecon. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa 1989 og starfaði sem endurskoðandi til 2001. Hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar hf. frá 2001 til 2013. Hjörleifur er í dag í stjórn og formaður endurskoðunarnefndar alþjóðlega líftæknilyfjafyrirtækisins Alvotech SA, í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf. og í stjórn Brandr Global ehf. Hann er jafnframt formaður endurskoðunarnefndar Hörpu tónlistarhúss ohf., situr í endurskoðunarnefnd Landsbankans hf. og er varaformaður landsnefndar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF á Íslandi). Hjörleifur var um árabil formaður stjórnar og háskólaráðs Háskólans í Reykjavík ehf., stjórnarformaður Sýnar hf., í stjórn Lotus Pharmaceuticals & Co., Ltd. í Taívan, Rafnar hf. og fleiri fyrirtækja.

Hjörleifur tók sæti í stjórn Festi í júlí 2022 og er nú formaður stjórnar.

Hjörleifur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

Sigurlína Ingvarsdóttir

Sigurlína Ingvarsdóttir er með B.Sc. í Iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands. Sigurlína starfar í dag sem fjárfestir hjá Behold VC, þar sem hún er einn eigenda, en sjóðurinn fjárfestir í tölvuleikjafyrirtækjum á fyrstu stigum á Norðurlöndunum. Á árunum 2006 til 2020 starfaði Sigurlína sem stjórnandi við tölvuleikjaframleiðslu á Íslandi, í Svíþjóð, Kanada og Bandaríkjunum, og stýrði meðal annars framleiðslu Star Wars Battlefront, sem var einn mest seldi tölvuleikur ársins 2015 og seldist í rúmlega 20 milljónum eintaka. Að auki stýrði Sigurlína strategíu fyrir EA Sports FIFA, eins stærsta tölvuleikjavörumerkis í heimi árin 2017 og 2018. Áður en Sigurlína sneri sér að tölvuleikjaframleiðslu starfaði hún sem verkefnastjóri í lyfjaþróun hjá Actavis og í viðskiptaþróun og við innleiðingu nýrra tæknilausna hjá Högum. Sigurlína situr í stjórn íslenskra og erlendra tölvuleikjafélaga sem Behold Ventures hefur fjárfest í.

Sigurlína tók sæti í stjórn Festi í júlí 2022.

Sigurlína er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins samkvæmt „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland og Samtök atvinnulífsins gáfu út 1. júlí 2021.

7. Rökstuðningur að baki tillögu

Við gerð tillögunnar hefur tilnefningarnefnd tekið mið af þeim ramma um hæfni, reynslu og þekkingu sem lýst er í 4. kafla skýrslunnar og þeim upplýsingum sem fram komu í sjálfsmati stjórnar og í

samtölum við núverandi stjórnarmenn og aðra áhugasama um framboð, forstjóra og þá hluthafa sem óskuðu eftir fundi með nefndinni.

Tilnefningarnefnd telur mikilvægt að huga að fjölbreyttri þekkingu, aldursdreifingu og kynjahlutföllum á vettvangi stjórnar til að tryggja að ólík sjónarmið komist að. Nefndin telur jafnframt mikilvægt að hafa að leiðarljósi heilbriggt samspil stöðugleika og endurnýjunar til að tryggja viðhald og framþróun þekkingar innan stjórnarinnar í þágu félagsins.

Í því sambandi skal bent á að talsverðar breytingar hafa orðið á stjórnendateymi frá því að Ásta S. Fjeldsted var ráðin forstjóri haustið 2022 og tilnefningarnefnd telur, líkt og síðustu ár, að við slíkar aðstæður sé rétt að fara varlegar í breytingar á stjórn en ella og er það í samræmi við sjónarmið sem fram komu í samtölum við hluthafa.

Á síðustu árum hefur líka átt sér stað nokkur endurnýjun innan stjórnar. Edda Blumenstein tók sæti í stjórninni á síðasta aðalfundi og Guðjón Auðunsson tók sæti í stjórninni á aðalfundi 2024. Stjórnarmennirnir Hjörleifur Pálsson og Sigurlína Ingvarsdóttir tóku sæti í stjórn á hluthafafundi í júlí 2022. Guðjón Reynisson á að baki lengstu stjórnarsetuna, en hann tók sæti í stjórn Festi og forvera félagsins á aðalfundi 2014.

Loks er rétt að taka fram að tilnefningarnefnd leggur sig fram um að hlusta eftir sjónarmiðum hluthafa og ábendingar þeirra til nefndarinnar vega þungt í störfum hennar. Eins og fram kemur hér að ofan, þá hafa hluthafar ekki lagt að nefndinni að leggja til breytingar á stjórn eða setja fram tillögu með fleiri nöfnum en stjórnarsæti félagsins eru að þessu sinni.

Með allt framangreint í huga var það því niðurstaða tilnefningarnefndar að ekki væri ástæða til að leggja til breytingar á stjórn félagsins að þessu sinni eða mæla með fleiri frambjóðendum. Með öðrum orðum telur nefndin að það sé félaginu fyrir bestu að núverandi stjórnarmenn verði endurkjörnir.

- o -

Í hnotskurn má draga fram helstu atriði sem nýtast í störfum tilnefndra frambjóðenda:

Edda Blumenstein: reynsla af stefnumótun og nýsköpun innan verslunar og þjónustufyrirtækja. Reynsla af stjórnarsetu og stjórnunarstörfum.

Guðjón Reynisson: víðtæk þekking á markaðsmálum smásölu í alþjóðlegu samhengi, eigandi marktæks hlutar í Festi. Reynsla af framkvæmdastjórn félaga og af stjórnarstörfum og góðum stjórnarháttum.

Guðjón Auðunsson: víðtæk þekking og reynsla af rekstri fasteignafélaga og fyrirtækjamarcaði olíufélaga. Reynsla af framkvæmdastjórn félaga.

Hjörleifur Pálsson: yfirgripsmikil þekking á fjármálum. Reynsla af framkvæmdastjórn félaga og víðtæk reynsla af stjórnarstörfum og góðum stjórnarháttum.

Sigurlína Ingvarsdóttir: reynsla af stefnumótun, víðtæk reynsla á stafrænum markaði, skynbragð á mismunandi viðhorf kynslóða. Reynsla af framkvæmdastjórn félaga, góðum stjórnarháttum og stjórnarstörfum.

Það er mat tilnefningarnefndar að ofangreindir frambjóðendur séu allir hæfir og séu til þess fallnir að mynda áfram samhentta stjórn sem sé í stakk búin að til þess að halda áfram að leiða félagið í þeirri vegferð sem það er sem og til þess að leysa farsællega þau verkefni sem framundan eru og starfsemin býður.

Tilnefningarnefnd þakkar fyrir góð samskipti við alla hlutaðeigandi í ferlinu.

Tilnefningarnefnd Festi hf.

Inga Björg Hjaltadóttir, formaður

Halla Thoroddsen

Tómas Eiríksson

Fylgiskjal 1 - Starfsreglur tilnefningarnefndar Festi hf.

Starfsreglur tilnefningarnefndar Festi hf.

1. Markmið

Á vettvangi Festi hf. skal starfa tilnefningarnefnd, sem hafi það hlutverk að undirbúa og gera tillögur um frambjóðendur við kjör stjórnar félagsins á aðalfundi þess ár hvert og á þeim hluthafafundum þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Tillögur nefndarinnar skulu stefna að því, að stjórnin sé á hverjum tíma þannig samsett að hún búi að fjölbreyttri þekkingu og reynslu sem nýtist félaginu við stefnumótun og eftirlit í því umhverfi sem félagið starfar á hverjum tíma.

Tilnefningarnefnd starfar í samræmi við samþykktir félagsins og starfsreglur þessar. Þá skal nefndin hafa hliðsjón af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq Iceland og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja (hér eftir nefnt „leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja“) sem í gildi eru á hverjum tíma.

2. Skipan tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Nefndarmenn skulu vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess. Við mat á óhæði nefndarmanna skal miðað við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið, sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Í það minnsta einn nefndarmanna skal vera óháður stórum hluthöfum félagsins. Tryggt skal að í tilnefningarnefnd sitji nefndarmenn af báðum kynjum. Stjórnarmenn eru ekki kjörgengir til setu í tilnefningarnefnd.

Stjórn félagsins skal með aðalfundarboði leggja fram tillögu um staðfestingu á skipan nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Hluthafar skulu jafnframt hafa tillögurétt að skipan nefndarmanna og skulu slíkar tillögur sendar skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti tíu sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Séu tilnefndir fleiri en þrír einstaklingar til setu í tilnefningarnefnd skal fara fram kosning á aðalfundi.

Í kjölfar aðalfundar skal nýkjörin tilnefningarnefnd sjálf skipta með sér verkum. Stjórn skal ákveða hvaða stjórnarmaður skuli vera tengiliður við tilnefningarnefnd til að tryggja nauðsynlegt upplýsingaflæði á milli þessara stjórnsýslueininga félagsins.

Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við hlutverk nefndarinnar, m.a. á góðum stjórnarháttum og viðmiðum og venjum varðandi stjórnir fyrirtækja. Æskilegt er að nefndarmenn hafi góða samskiptahæfni og reynslu af því að greina hæfnisþætti sem virk þátttaka í stjórn félagsins kallar á. Að jafnaði skal við það miðað að nefndarmenn hafi viðtæka þekkingu af rekstri og stjórnarstörfum og með gott orðspor. Þess skal gætt að fulltrúar beggja kynja séu í nefndinni.

Starfskjör nefndarinnar skulu ákveðin á aðalfundi félagsins og taka mið af starfskjörum undirnefnda stjórnar miðað við starfstíma.

Ef nefndin verður óstarfhæf á starfstímabili hennar, skal stjórn boða til sérstaks hluthafafundar. Á fundinum skal fjallað um tillögu stjórnar um skipan nýrra nefndarmanna í stað þeirra sem látið hafa af störfum, sem leitað er staðfestingar hluthafa á.

3. Hlutverk og ábyrgðarsvið

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum hjá Festi hf. og leggur tillögur sínar fyrir hluthafafund þar sem stjórnarkjör er á dagskrá. Í störfum sínum skal nefndin hafa heildarhagsmuni allra hluthafa félagsins að leiðarljósi.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. eftirfarandi:

- a. Setja sér starfsáætlun til að stuðla að skilvirkni í störfum sínum.
- b. Árleg yfirferð starfsreglna nefndarinnar og framlagning tillagna fyrir aðalfund um breytingu á starfsreglunum ef nefndin telur ástæðu til.
- c. Skilgreina lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn félagsins og endurskoða þá skilgreiningu eftir því sem þörf krefur.
- d. Mat á stærð, samsetningu og árangri stjórnar með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Nefndin skal eiga fundi með öllum stjórnarmönnum félagsins, hverjum fyrir sig, auk forstjóra þess í því skyni að afla upplýsinga um félagið, starf stjórnarinnar síðastliðið starfsár og samsetningu hennar.
- e. Kalla eftir tillögum hluthafa að frambjóðendum til stjórnarkjörs sem og framboðum þeirra og annarra. Nefndin skal eigi síðar en 8-10 vikum fyrir aðalfund auglýsa eftir tilnefningum og áhuga á framboðum til stjórnar félagsins með opinberri tilkynningu í gegnum viðurkennda fréttaveitu og á heimasíðu félagsins.
- f. Leggja mat á tilnefningar og framboð til stjórnar félagsins sem berast innan þess frests sem nefndin tilgreinir í auglýsingu, sbr. e.-lið þessarar greinar. Tilnefningarnefnd er heimilt, að eigin frumkvæði, að leita nýrra framboða til stjórnarkjörs, eftir að framboðsfrestur er runninn út, ef hún metur framboð við þær aðstæður með þeim hætti að nauðsyn sé að styrkja hóp frambjóðenda til framboðs til stjórnar. Tilnefningum og framboðum til stjórnar sem gerast eftir auglýstan frest skal beint til stjórnar félagsins sem metur gildi þeirra og tryggir að þau verði kynnt eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. Nefndin skal gæta trúnaðar um allar tilnefningar og framboð sem henni berast og gefa frambjóðendum sem nefndin hefur lagt mat á og eru ekki hluti af tillögu nefndarinnar kost á að draga framboð sitt til baka eftir að niðurstaða liggur fyrir. Dragi frambjóðandi framboð sitt ekki til baka skal nefndin koma framboðinu á framfæri við stjórn félagsins.
- g. Leggja fram rökstudda tillögu um kosningu stjórnarmanna í félaginu, þar sem m.a. verði horft til hæfni, reynslu og þekkingar, m.a. með tilliti til leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja og niðurstöðu árangursmats stjórnar. Þess skal gætt að tillagan samræmist ákvæðum laga um hlutafélög og samþykkt félagsins um skipan stjórnar.
- h. Nefndin skal gera skriflega grein fyrir því hvernig hún hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar. Klofni nefndin í afstöðu sinni skal jafnframt gera grein fyrir álitni minnihluta nefndarinnar. Tillögur tilnefningarnefndar skulu kynntar í fundarboði aðalfundar og vera aðgengilegar hluthöfum á vefsíðu félagsins eins fljótt og kostur er fyrir fundinn. Á aðalfundi félagsins skal tilnefningarnefnd kynna skýrslu sína.

Á heimasíðu félagsins skal birta upplýsingar um hlutverk og skipan nefndarinnar ásamt upplýsingum um hvernig koma megir athugasemdum, tillögum, og framboðum á framfæri við nefndina. Þar skal einnig bent á hvernig standa eigi að framboði til stjórnar að tillögum nefndarinnar birtum. Þegar um er að ræða stjórnarkjör á öðrum hluthafafundum en aðalfundi félagsins er tilnefningarnefnd heimilt að víkja frá framangreindum tímafrestum beri nauðsyn til. Nefndin skal þó ávallt leitast við að kynna rökstudda tillögu sína um kosningu stjórnarmanna í félaginu hið fyrsta og eigi síðar en einni viku fyrir hluthafafund.

4. Heimildir og aðgengi að gögnum

Tilnefningarnefnd hefur heimild til að leita til stjórnar og undirnefnda stjórnar til að afla viðeigandi upplýsinga til að sinna hlutverki sínu. Þá hefur nefndin heimild til að hafa beint samband við hluthafa félagsins í tengslum við framkvæmd starfa sinna. Hún skal með auglýsingu á heimasíðu félagsins gefa hluthöfum kost á að koma tillögum á framfæri við nefndina. Ávallt skal gæta að jafnræði hluthafa.

Óski tilnefningarnefnd eftir gögnum eða upplýsingum frá félaginu eða aðgangi að starfsmönnum félagsins skal hún koma beiðni um slíkt á framfæri við forstjóra félagsins. Telji nefndin sérstakt tilefni til að afla sér ráðgjafar um tiltekin álitaefni er henni heimilt að efna til útgjalda er því tengjast en áður skal hún afla samþykkis stjórnar fyrir því.

5. Fundir

Nefndin skal halda fundi eftir þörfum til að sinna hlutverki sínu og sér formaður nefndar um að boða til funda. Leitast skal við að skipuleggja fundi nefndarinnar í starfsáætlun hennar. Formaður nefndarinnar stýrir fundum hennar og tilnefnir fundarritara. Fundargerðir skulu vera skriflegar og samþykktar af nefndarmönnum. Fundargerðir og framlögð gögn á nefndarfundum skulu varðveitt tryggilega og vera aðgengileg nefndarmönnum.

Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður með minnst þriggja daga fyrirvara. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma á borð nefndarinnar.

6. Þagnar- og trúnaðarskylda

Á tilnefningarnefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni fyrirtækisins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

7. Önnur ákvæði

Starfsreglur þessar skulu birtar á heimasíðu félagsins.

Samþykkt á aðalfundi Festi hf. 5. mars 2025.

Fylgiskjal 2 - Um nefndarmenn í tilnefningarnefnd Festi

Halla Thoroddsen er fædd árið 1977. Halla starfar sem forstjóri Sóltúns heilbrigðisþjónustu. Áður starfaði hún í Arion banka sem viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði og skuldabréfateymi Stefnis. Hún hefur einnig starfað sem gæðastjóri viðskiptabankasviðs og hópstjóri á upplýsingatækisviði Kaupþings. Halla er stjórnarformaður Sólstaða, stjórnarmaður í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu og situr í fjárfestingaráði hjá Stefni. Halla hefur lokið viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, M.Sc. í breytingastjórnun og upplýsingatækni frá Lancaster University Management School og prófi í verðbréfamiðlun. Halla er óháð Festi og daglegum stjórnendum félagsins og þá hefur hún engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Festi. Þá er hún ekki tengd stjórnarmönnum Festi eða einstaklingum sem lýstu yfir áhuga á framboði til stjórnar félagsins. Halla hefur setið í tilnefningarnefnd Festi frá aðalfundi félagsins 5. mars 2025.

Inga Björg Hjaltadóttir er fædd árið 1970. Inga Björg starfar sem Head of People & Organisation og situr í framkvæmdastjórn hjá Cowi á Íslandi. Áður starfaði hún sem framkvæmdastjóri og meðeigandi Attentus mannauður og ráðgjöf og sem lögmaður og meðeigandi á Lögfræðistofu Reykjavíkur og Acta lögmannsstofu. Hún hefur einnig starfað sem stjórnandi hjá Eimskip og sem lögfræðingur hjá Reykjavíkurborg. Inga Björg starfar sem óháður stjórnarmaður í TM tryggingum og nefndarmaður í endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Inga er dómari í Félagsdómi og hefur áður gengt fjölmörgum stjórnarstörfum og starfað í undirnefndum stjórna. Inga Björg hefur sinnt stundakennslu við verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og Lagadeild Háskólans á Bifröst. Inga Björg er óháð Festi og daglegum stjórnendum félagsins og þá hefur hún engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Festi. Þá er hún ekki tengd stjórnarmönnum Festi eða einstaklingum sem lýstu yfir áhuga á framboði til stjórnar félagsins. Stjórn Festi skipaði Ingu Björgu í tilnefningarnefnd, í samræmi við þágildandi bráðabirgðaákvæði starfsreglna nefndarinnar, í framhaldi aðalfundar félagsins 6. mars 2024.

Tómas Eiríksson er fæddur árið 1978. Tómas starfar nú hjá eigin fyrirtæki, Lagavita, sem er gervigreindarlausn fyrir lögfræðinga. Tómas var yfirlögfræðingur samstæðu Emblu Medical (áður Össur) um 16 ára skeið og jafnframt yfirmaður stjórnarháttaskrifstofu félagsins. Áður starfaði Tómas meðal annars sem lögfræðingur í fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka, sem fulltrúi á LEX lögmannsstofu og sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Tómas hefur setið í fjölmörgum stjórnnum dótturfélaga Emblu Medical víðsvegar um heiminn. Tómas hefur einnig setið í stjórn Lögmannafélags Íslands og Félags lögfræðinga í fyrirtækjum. Tómas er óháður Festi og daglegum stjórnendum félagsins og þá hefur hann engin hagsmunatengsl við helstu viðskipta- eða samkeppnisaðila Festi. Þá er hann ekki tengdur stjórnarmönnum Festi eða einstaklingum sem lýstu yfir áhuga á framboði til stjórnar félagsins. Tómas hefur setið í tilnefningarnefnd Festi frá aðalfundi félagsins 5. mars 2025.

Fylgiskjal 3 – Viðtalsrammi við stjórnarmenn og frambjóðendur

Viðtalsrammi sem tilnefningarnefnd Festi studdist við á fundum og viðtölum við núverandi stjórnarmenn félagsins var eftirfarandi:

1. Hyggst þú gefa kost á þér til áframhaldandi stjórnarsetu?
2. Hefur stjórnin náð að starfa vel saman frá síðasta aðalfundi félagsins?
3. Hvaða hæfni, reynsla og þekking þarf að vera í stjórninni m.t.t. þeirra áskorana sem félagið stendur frammi fyrir?
4. Hverjir telur þú meginstyrkleika þína vera?
5. Hver er meginstyrkur annarra stjórnarmanna, hvers um sig?
6. Eru einhver atriði sem varða tengsl þín, fyrri störf eða annað sem gætu varpað skugga á orðspor Festi?

Við úrvinnslu af hálfu nefndarinnar voru þrjú vinnuskjöl höfð til hliðsjónar, þ.e. **1) Rammi fyrir mat á frambjóðendum til stjórnarsetu, 2) Hæfnis-, þekkingar- og reynsluþættir og 3) Meginstyrkleikar stjórnarmanna að þeirra mati skv. viðtölum.**

Fyrir viðtölin við aðra áhugasama um framboð voru nefndarmenn búnir að kynna sér útfyllt umsóknarblöð viðkomandi aðila, ferilskrár þeirra sem og önnur framlögð gögn.

Lykilspurningar tilnefningarnefndar á fundum og viðtölum með öðrum einstaklingum sem lýst höfðu yfir áhuga varðandi framboð til stjórnar félagsins:

1. Hverjar eru ástæður þess að þú hefur áhuga á að bjóða þig fram til stjórnar Festi?
2. Hefur þú þann tíma sem þarf til að sinna stjórnarstarfinu?
3. Hvaða hæfni, þekkingu og reynslu býrð þú yfir sem ætti að nýtast í stjórninni?
4. Hefur þú þekkingu á starfsemi Festi og þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á?
5. Í hverjum af eftirfarandi fjórum meginflokkum liggur þinn styrkur helst, þ.e.:
 - a. stefnumótun og rekstur,
 - b. eftirliti og stjórnarháttum,
 - c. þróun markaða, eða
 - d. metnaði, siðferði og samfélagsvitund?
6. Er þér kunnugt um stuðning einhverra hluthafa við framboð þitt eða varst þú hvött/hvattur til framboðs af hálfu hluthafa/hluthöfum?
7. Átt þú sem einstaklingur eða félög sem þú ert í forsvari fyrir í dómsmálum og/eða deilum við eftirlitsaðila sem geta haft áhrif á orðspor og almenningsálit að þínu mati? Hverjar ef svo er?
8. Eru einhver önnur atriði sem varða tengsl þín, fyrri störf eða annað sem gætu varpað skugga á orðspor Festi? Hvaða atriði ef svo er?
9. Er eitthvað það til staðar sem getur leitt til hagsmunaárekstra og áhrifa á hæfi þitt til að taka þátt í ákvörðunum stjórnar? Hvaða hagsmunaárekstrar gætu það verið ef svarið er já?